# USA-Íran: Eru hinar nýju efnahagsþvinganir USA réttlætanlegar?




**Þann 21. júní 2019 var ómannaður Bandarískur njósnadróni skotinn niður af íranska hernum. Hers þess lands sem USA kallar „árásaraðila“ og refsar með efnahagsþvingunum. En eru hinar nýju efnahagsþvinganir USA réttlætanlegar? Kla.TV veltir þessari spurningu fyrir sér í þessar útsendingu og ber með einföldum landasamanburði, Íran við Bandaríkin.**
**Hvaða land sýnir þá í raun af sér stríðshvetjandi atferli?**

USA-Íran: Eru hinar nýju efnahagsþvinganir USA réttlætanlegar?
Föstudaginn 21. júní 2019 var ómannaður USA-njósnadróni skotinn niður af íranska hernum. Samkvæmt írönskum stjórnvöldum var þetta gert eftir að tvö viðvörunarskeyti höfðu verið send USA og hvorugu var svarað. USA heldur fram að dróninn hafi verið skotinn á alþjóðlegu loftrými og því séu Íranir árásaraðilar. En séu opinberar gervitunglamyndir skoðaðar, t.d. frá OPS group (upplýsingaveita um hættur í loftrými, sem ætluð er að forða flugfélögum og flugmönnum frá flugslysum) þá var USA-dróninn staðsettur í írönsku loftrými á þeim tímapunkti sem hann var skotinn niður. Dróninn var upplýsingardróni af „Global Hawk“ gerð sem er sérstaklega notaður til þess að staðsetja árásarmarkmið óvinasvæða og safna upplýsingum fyrir leyniþjónustuna um andstæðinginn. Eftir tilfellið hótaði ríkistjórn bandaríkjanna hernaðarárás á skotmörk í Íran en sem Donald Trump Bandaríkjaforseti blés af á síðustu stundu. Mike Pompeo, utanríkisráðherra Bandaríkjanna kallaði alþjóðasamfélagið til að mynda hernaðarsamsteypu gegn Íran.
Er hegðun USA í þessi máli réttlætanleg?
Kla.TV vill því gera hér Íran-könnunina:
-Flýgur Íran með drónum og upplýsingarflugvélum á landamærum USA og brýtur lofthelgi þeirra? -Nei!
-Hefur Íran nýverið steypt ótölulegum fjölda ríkja í blóðugt kaos með ólöglegum hryðjuverkastríðum? -Nei!
-Hefur Íran sagt einhliða upp kjarnorku samningunum við vestræn lönd? –Nei!
-Leggur Íran stöðugt nýjar efnahagsþvinganir á Vesturlönd? –Nei!
-Ögrar íranska ríkisstjórnin síendurtekið USA með árásum og stríðsæsingi, og tilkynnir stjórnarskipti þarlendis.
Eftirfarandi setning kemur frá Ayatollah Khamenei, pólitískum stjórnanda Íran. Hún styður viðhorf Íran: „[…]Það mun ekki koma til stríðs ... því við munum aldrei, eins og fortíð okkar sýnir, koma á stað stríði.“
Þrátt fyrir þetta hafa bandarísk stjórnvöld aftur lagt allar þær efnahagsþvinganir á Íran sem hafði verið aflétt eftir kjarnorkusamkomulagið og enn fleiri til. Þann 24. júní voru síðan enn lagðar nýjar efnahagsþvinganir á Íran. Hvernig líta þær síðan út? Samkvæmt Steve Mnuchin bandaríska fjármálaráðherranum verða m.a. fleiri milljarðar Íranskra peninga frystir. Þessar þvinganir virðast svipaðar þeim þvingunum sem USA beitti Venezuela þar sem risafjárhæðir fyrir útflutningsvörum til landsins voru einfaldlega frystar í bandarískum bönkum, sem þýðir að þeim haldið í skefjum.
Peter Santenello, bandarískur ríkisborgari sem hefur ferðast margoft um Íran, flytur í

nákvæmum ferðapistlum sínum fréttir af því hvernig íranska þjóðin þjáist vegna efnahagsþvingananna en hve kærleiksrík þjóðin sé þrátt fyrir allt í garð Bandaríkjamanna og alls fólks.  Íranska þjóðin og Peter Santenello eru okkur fyrirmynd um hvernig eigi að sameina fólk og þannig að hemja stríð áður en þau brjótast út!  Hérna er hin áhrifaríku, 8 mín. löngu vídeoskilaboð hans frá Íran:

https://www.youtube.com/watch?v=jxkHlekKtPY

**eftir dag**

---

## Heimildir:

https://deutsch.rt.com/der-nahe-osten/89438-us-mauschelei-um-iranischen-abschuss/
https://www.ft.com/video/d700aa74-053c-42a7-ad5d-b57008ac92ac
https://edition.cnn.com/2019/06/24/politics/trump-iran-sanctions/index.html
https://edition.cnn.com/videos/politics/2019/06/24/treasury-secretary-steve-mnuchin-details-new-sanctions-against-iran-sot-ip-vpx.cnn
https://www.northropgrumman.com/Capabilities/GlobalHawk/Documents/Datasheet_GH_Block_40.pdf
https://www.youtube.com/watch?v=CPTuMTXr4V0
https://ops.group/blog/the-threat-of-a-civil-aircraft-shootdown-in-southern-iran-is-real/
https://www.youtube.com/watch?v=jxkHlekKtPY
www.kla.tv/12885
www.kla.tv/14133

---

## Þetta gæti þér líka þótt áhugavert:

---

## Kla.TV – Hinar fréttirnar ... frjálsar – óháðar – óritskoðaðar ...

- það sem fjölmiðlar ættu ekki að þegja um ...
- fáheyrt frá fólkinu, für das Volk ...
- reglulegar fréttir á www.kla.tv/is

Það borgar sig að fylgjast með!

**Ókeypis áskrift með mánaðarlegu fréttabréfi á netfangið þitt færðu hér:** **www.kla.tv/abo-is**

## Ábending öryggisins vegna:

Mótraddir eru því miður æ oftar þaggaðar niður eða þær ritskoðaðar. Svo lengi sem flytjum ekki fréttir samkvæmt áhuga og hugmyndafræði kerfispressan getum við sífellt reikna með því að leitað sé eftir tilliástæðum til þess að loka fyrir eða valda Kla.TV skaða.

**Tengist því í dag óháð internetinu! Smellið hér:** **www.kla.tv/vernetzung&lang=is**

*Licence:* *Creative Commons leyfi sé höfundar getið*

Við útbreiðslu og deilingu skal höfundar getið! Efnið má þó ekki kynna tekið úr því samhengi sem það er í.
Stofnunum reknum af opinberu fé (RÚV, GEZ, ...) er notkun óheimil án leyfis. Brot á þessum skilmálum er hægt að kæra.